



2023

Sérkennslustefna Glaðheima



Sérkennslustefna Glaðheima

Sérkennsla er þjónusta sem leikskólinn veitir börnum vegna hverskyns sérþarfa sem þau kunna að hafa. Þessar sérþarfir geta verið vegna fötlunar, þroska-, hegðunar- eða tilfinningalegra frávika auk sérstakra aðstæðna barnsins.

Sérkennslustjóri leikskólans er Ástrós Þóra Valsdóttir (astrosv@bolungarvik.is).

Skóli fyrir alla

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og eiga öll börn rétt á leikskóladvöl. Í öllu starfi leikskólans er séð til þess að börn fái þann stuðning sem þau þurfa til þess að þroskast og geti átt í árangursríkum og gefandi samskiptum við önnur börn. Í leikskóla án aðgreiningar er megináhersla sú að skólinn sé fyrir alla. Fjölbreytileikanum í barnahópnum og því sem einstaklingarnir hafa fram að færa er tekið fagnandi. Leitað er leiða til að skapa umhverfi þar sem öll börn geta náð árangri á sínum forsendum (Sandall og Schwartz, 2008, bls. 4). Í skóla fyrir alla er það talinn kostur að börn séu ólík og margbreytileiki er álitinn vera sjálfsagður hlutur. Í slíkum hóp skapast góðar aðstæður til að vinna gegn fordómum og stuðla að vísýni og umburðarlyndi hjá börnum, foreldrum og kennurum (Þórhalla Guðmundsdóttir, 1997, bls. 24-26). Hafa ber í huga að grunnþarfir allra barna eru hinar sömu en börnin eru ekki eins og hafa hvert um sig sérstakar þarfir.

Þegar grunsemdir vakna

Rík áhersla er lögð á gott foreldrasamstarf og koma foreldrar/forráðamenn að ferli sérkennslumála strax frá upphafi þar sem gagnkvæm virðing er höfð að leiðarljósi. Þegar grunsemdir vakna vegna einhverskonar vanda, hvort sem hann tengist þroska, hegðun, samskiptum, máli, uppeldi eða hverju sem er, ræðir deildarstjóri við foreldra eða foreldrar leita sjálfir til starfsmanna leikskólans. Deildarstjóri hefur einnig samband við sérkennslustjóra og fer það eftir hvar vandinn liggur hver lausnin verður.

Foreldrar eru boðaðir í viðtal þar sem þeir ásamt sérkennslustjóra og deildarstjóra vinna að sameiginlegri áætlun með velferð barnsins að leiðarljósi. Árangur er metinn eftir ákveðinn tíma og þá skoðað hvort leita þurfi eftir sérfræðiþjónustu. Ef talin er þörf á sérfræðiþjónustu eru matslistar fylltir út og niðurstöður þeirra sendar áleiðis til þeirra sérfræðinga sem við á. Allir þeir listar sem fylltir eru út og öll sú gagnasöfnun sem fram fer gefur vísbendingar um hvort og þá hvernig hægt sé að bregðast við í þeim tilgangi að styrkja barnið eða aðstoða. Leikskólinn Glaðheimar er í góðu samstarfi við sálfræðing og talmeinafræðing. Sérkennslustjóri ákvarðar í samstarfi við sérfræðinga forgangsröðun og vinnuferli þeirra mála sem koma upp.

Leikskólinn Glaðheimar er með samstarfssamning við Litlu Kvíðameðferðastöðina. Sálfræðingur leikskólans er Hanna Dorothea Bizouerne og kemur hún í 4 - 5 heimsóknir á ári ásamt því að veita foreldrum og starfsfólki ráðgjöf í fjarfundi, síma eða tölvupósti.

Leikskólinn er í samstarfi við Skólaþjónustu Tröppu sem sér um talþjálfun sem fer fram í gegnum netið. Talmeinafræðingur leikskólans er Tinna Sigurðardóttir.

Leiðir leikskólans til að sinna sérþörfum barna

Leikskólinn fer nokkrar leiðir í að sinna sérþörfum barna, hvort sem sérstakur stuðningur fæst inn í leikskólann fyrir barnið eða ekki. Mjög misjafnt er hvernig unnið er með hvert barn og fer það eftir þeim þáttum sem vinna þarf með. Starfsmenn skólans gera sér grein fyrir mikilvægi þess að leita fjölbreyttra leiða við þessa þjónustu en leggja megin áherslu á snemmtæka íhlutun sem meðal annars felur í sér:

- Vinnu í misstórum nemendahópum
- Markvissri málörvun í smærri nemendahópum
- Breytingu á innra skipulagi leikskólastarfsins
- Aðlögun aðstæðna að barni með sérþarfir
- Einstaklingsvinnu með barninu

Sérkennsla í leikskóla getur einnig falist í markvissri málörvun, þjálfun í fín- og grófhreyfingum eða félagsfærni og samskiptum. Sérkennslustjóri og sviðsstjóri íþróttá- og heilsuefningar eru í samvinnu þar sem einstaklings- og hóppjálfun fléttast saman við íþróttir.

Matstæki

Þau matstæki sem eru notuð við að meta þroska og skoða sérþarfir barna í leikskólanum Gláðheimar eru eftirfarandi:

Matstæki	Aldur	Áhersluþættir	Hver leggur fyrir	Lagt fyrir
Smábarnalistinn	15-38 mánaða	Mál- og hreyfiþroski	Starfsmaður með réttindi	Eftir þörfum
Íslenski þroskalistinn	3-6 ára	Gróf- og fínhreyfingar, tal, hlustun, sjálfshjálp og nám	Starfsmaður með réttindi	Eftir þörfum
HLJÓM	5 ára	Hljóðkerfisvitund	Starfsmaður með réttindi	Alla
TRAS	2-5 ára	Málþroski	Starfsmaður með réttindi	Eftir þörfum
EFI-2	3-4 ára	Málþroski	Starfsmaður með réttindi	Alla

AAL (athugunarlisti fyrir atferli leikskólabarna)	1-6 ára	Hegðun og atferli	Leikskólakennari Foreldrar / forráðamenn	Eftir þörfum
YAP hreyfiþroskapróf	2-7 ára	Hreyfiþroski	Sviðsstjóri íþróttar og heilsueflingar	Alla
Íslenski máhljóðamælirinn	Allur aldur	Framburðarmat	Starfsmaður með réttindi	Eftir þörfum
Orðaskil	18mán – 3 ára	Málþroskapróf	Fyllt út af foreldrum barns	Eftir þörfum
AEPS - matskerfi	0-6 ára	Mat á færni og getu barns	Sérkennslu stjóri	Eftir þörfum

Heimildir

Sandall, S. R. og Schwartz, I. S. (2008). *Building Blocks for Teaching Preschoolers With Special Needs*. Baltimore: Paul H. Brookes Publishing Co.

Þórhalla Guðmundsdóttir (1997). Frá leikskólanum Brekkuborg. Glæður, tímarit um uppeldis- og skólamál, 7(1),23-27.